

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afsteypusjóð Listasafns Einars Jónssonar ses.

1. gr.

Heiti og heimili.

Nafn stofnunarinnar er Afsteypusjóður Listasafns Einars Jónssonar ses. (hér eftir „stofnunin“). Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

Stofnunin er sjálfstæður lögaðili, óhagnaðardrífinn og starfar í almannabágu.

2. gr.

Stofnendur.

Stofnendur stofnunarinnar eru, á grundvelli arfleðsluskrár dags. 11. september 1954:

Einar Jónsson myndhöggvari fæddur 11. maí 1874, lést 18. október 1954 og eiginkona hans Anna Jónsson fædd 14. apríl 1885, lést 12. október 1975.

Í arfleðsluskránni er m.a. kveðið á um stofnun sjóðs til að standa straum af kostnaði við bronssteypur/afsteypur á verkum Einars. Jafnframt eru nákvæmar leiðbeiningar um varðveislu höggmyndanna og garðsins umhverfis safnahúsið.

3. gr.

Upphafsstofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er 1.750.000 kr. (einhundruðogfimmtíuþúsund kr.) og samanstendur af eignum Afsteypusjóðs eins og hann hefur verið varðveittur innan bókhalds Listasafns Einars Jónssonar.

Stofnfé og aðrar eignir stofnunarinnar eru óafturkræfar og óheimilt er að ráðstafa þeim til stofnenda eða stjórnarmanna.

Stofnfé stofnunarinnar er óskerðanlegt og skal ávallt varðveitt sem sjálfstæður eignargrunnur stofnunarinnar. Óheimilt er að ráðstafa stofnfé til rekstrar, úthlutana eða annarra greiðslna, nema í samræmi við tilgang stofnunarinnar og þá aðeins af ávöxtun fjár.

4. gr.

Tilgangur og starfsemi.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna með arfleifð Einars og Önnu Jónsson með hliðsjón af arfleðsluskrá þeirra, efla menningarlíf og varðveita listasögu Íslands með því að:

- standa straum af kostnaði við afsteypur af listaverkum Einars Jónssonar og koma verkum hans í varanlegt efni;
- styðja við forvörslu og varðveislu á listaverkum Einars Jónssonar;
- styrkja aðgerðir til fegrunar, t.d. á höggmyndagarði Listasafns Einars Jónssonar, enda stuðli það að varðveislu og miðlun á verkum hans;

d. afla fjármuna til stuðnings Listasafni Einars með móttöku gjafa og styrkja, sölu afsteypa, útgáfu og annarri fjáröflun sem tengist beint varðveislu og miðlun verka Einars Jónssonar.

Fjáröflun skal ávallt vera liður í almannaeillastarfsemi stofnunarinnar en ekki sjálfstæður atvinnurekstur.

Starfsemi stofnunarinnar skal ávallt vera í almannapágu og í samræmi við arfleðsluskrá og reglur safnsins um að safnkostur Einars Jónssonar sé varðveittur og húsnæðið nýtt til sýningar og varðveislu verka hans.

Stofnunin starfar ekki í hagnaðarskyni. Hagnaði skal einungis ráðstafa í samræmi við tilgang stofnunarinnar.

5. gr.

Tekjur og fjáröflun.

Tekjur stofnunarinnar geta m.a. verið:

- a. tekjur af sölu á afsteypum/bronssteypum í samræmi við upprunalegan tilgang sjóðsins;
- b. framlög, styrkir og gjafir einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila;
- c. vextir og arður af fjárfestingum;
- d. aðrar tekjur sem samræmast tilgangi stofnunarinnar.

Fjáröflun skal vera þannig háttáð að hún þjóni einvörðungu almannaeillatilgangi stofnunarinnar og teljist ekki sjálfstæður atvinnurekstur utan þess ramma.

6. gr.

Ráðstöfun fjármuna.

Eignum og tekjum stofnunarinnar má eingöngu verja samkvæmt 4. gr.

Úthlutanir/styrkir skulu byggjast á skriflegri áætlun og rökstuðningi með staðfestingu stjórnar.

Meiriháttar útgjöld skulu ávallt borin undir stjórn til samþykktar, í samræmi við núverandi starfsreglur sjóðsins.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum sem hafa verið valdir með tilliti til fyrirmæla í arfleðsluskránni. Eftirleiðis munu stjórnarmenn á hverjum tíma velja nýja stjórnarmenn í stað þeirra sem óska að láta af stjórnarsetu. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða.

Stjórnin kys sér formann og skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar séu jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Við val nýrra stjórnarmanna skal leitast við að:

- a. tryggja faglega þekkingu á starfssviði stofnunarinnar, í anda gildandi starfsreglna stjórnarnefndar Listasafn Einars Jónssonar;
- b. a.m.k. einn stjórnarmaður tengist Einari Jónssyni fjölskylduböndum ef kostur er;
- c. stjórnarmenn séu óháðir daglegum rekstri Listasafns Íslands, þannig að hagsmunaárekstrar skapist ekki;
- d. stjórnarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Stjórnarmenn mega ekki taka þátt í ákvörðunum þar sem þeir hafa persónulega eða fjárhagslega hagsmuni sem kunna að fara gegn hagsmunum stofnunarinnar. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn stofnunarinnar. Missi stjórnarmenn, framkvæmdastjóri eða skipaður fjárvörsluaðili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það.

Stjórnarseta er ólaunuð fyrir utan formann sem fær laun samkvæmt þóknunareiningum og eftir fjölda funda/umfangs starfsins. Ákvörðun um laun formanns skal tekin af stjórn að undanskildum formanni sjálfum og skulu laun vera hófleg og í samræmi við eðli og umfang starfa.

Stofnuninni er heimilt að endurgreiða stjórnarmönnum nauðsynlegan kostnað sem fellur til við störf þeirra fyrir stofnunina, enda sé slíkt í samræmi við eðli og tilgang stofnunarinnar og fært með skýrum hætti í bókhaldi.

8. gr.

Fundir stjórnar og fundargerðir.

Stjórn skal funda eftir þörfum en þó að lágmarki fjórum sinnum á ári. Formaður boðar fundi með a.m.k. viku fyrirvara nema brýn nauðsyn krefji að fundi sé flýtt.

Halda skal fundargerðir um allar ákvarðanir. Fundargerðir skulu samþykktar af stjórn innan tíu daga og varðveittar varanlega.

9. gr.

Framkvæmdastjóri og daglegur rekstur.

Stjórn getur ráðið framkvæmdastjóra eða falið tilnefndum fulltrúa að annast framkvæmd ákvarðana og dagleg samskipti.

Framkvæmdastjóri er undirmaður stjórnar og má ekki vera formaður stjórnar. Starfsmaður skipaður af Listasafni Íslands getur tekið að sér störf fyrir stjórn í samráði við Listasafn Íslands og stjórn Afsteypusjóðs.

10. gr.

Reikningshald, endurskoðun og gagnsæi.

Stofnunin heldur sjálfstætt bókhald og hefur aðskildan reikning, líkt og Afsteypusjóður hefur haft innan bókhalds safnsins.

Stjórn skal láta semja ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfundum stofnunar til samþykktar. Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

Stjórn kýs endurskoðanda eða skoðunarmenn sem mega ekki sitja í stjórn.

Stofnunin skal uppfylla allar upplýsingaskyldur gagnvart ríkisskattstjóra vegna almannaheillaskrár, þar á meðal skráningu styrkveitenda og afhendingu ársupplýsinga í samræmi við lögbundinn frest.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Tengsl við Listasafn Íslands.

Stofnunin er sjálfstæð gagnvart Listasafni Íslands og öðrum ríkisstofnunum.

Stofnunin getur gert þjónustu- og samstarfssamning við Listasafn Íslands um forvörslu, afsteypugerð og önnur verkefni sem falla undir 4. gr., enda tryggi samningur að:

- a. ráðstöfun fjármuna sé í samræmi við tilgang stofnunarinnar;
- b. stofnunin haldi sjálfstæðu ákvörðunarvaldi um úthlutanir.

12. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Breytingar á skipulagsskrá þessari krefjast samþykkis 2/3 hluta stjórnar á lögætum fundi.

Breytingar skulu ekki rýra almannaheillatilgang stofnunarinnar og skulu leitast við að taka mið af arfleiðsluskránni og þeim skilyrðum sem hún setur.

Breytingar öðlast gildi að fenginni staðfestingu viðeigandi yfirvalda eftir því sem lög kveða á um.

13. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumanns. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 4. gr. hér að ofan. Eignir skulu renna til Listasafns Íslands eða sambærilegrar almannaheillastofnunar sem tekur við verkefnum stofnunarinnar. Óheimilt er að ráðstafa eignum til stofnenda, stjórnarmanna eða tengdra aðila.

14. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 10. ágúst 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Martyna Julia Czubaj.

B deild - Útgáfudagur: 24. ágúst 2026